

Sveitarfélagið Ölfus
Gunnlaugur Jónasson
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn

Reykjavík, 23. mars 2021
UST202103-194/A.B.
10.04.02

Efni: Breyting á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfus 2010 - 2022 - Selvogur í landi Bjarnarstaða - Stóra-Saurbæjarsvæðið

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Ölfus er barst 5. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tvær breytingar á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfus 2010 – 2022 fyrir Selvog í landi Bjarnarstaða og Stóra-Saurbæjarsvæðið.

Í greinargerð kemur fram breytingin gengur út á að skilgreina nýja íbúðarbyggð (Í15) sem verður um 15 ha. að stærð fyrir 15 lóðir á Stóra-Saurbæjarsvæðinu. Auk þess gerir breytingin ráð fyrir að skilgreina athafnasvæði fyrir fjarskiptamastur og tækjahús þar sem áður var landbúnaðarland í Selvogi í landi Bjarnarstaða.


Í greinargerð kemur fram að forsögulegt hraun er undir svæðinu við Stóra-Saurbæ en það er uppgróið og sér ekki í hraunið. Því má segja að það hafi ekki verndargildi. Sama er að segja um reitinn undir fjarskiptamastri við Selvog og telst hraunið á staðnum því ekki hafa hátt verndargildi.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreindar breytingar og gerir ekki athugasemdir við þær.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst,



Björn Stefánsson
sérfræðingur